

- 12 Félagssvæðið allt 10 þúsund einingar.
 10. jan. Félaginu er óheimilt að stunda silungsveiði, svo og hirða þann silung, sem kann að veiðast í laxveiðitæki félagsins, sbr. 3. gr. samþykktar fyrir veiðifélag Árnesinga frá 12. júní 1940.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

- 13
 10. jan.

REGLUGERÐ

um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

Samkvæmt reglugerð 28. des. 1940 um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum og breytingu á þeirri reglugerð 10. jan. 1941, gildir nú eftirfarandi reglugerð um sama efni:

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarskipti frá 5. júlí 1940 og bráðabirgðalögum um radio-senditæki frá 17. ágúst 1940.

1. gr.

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess, mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð, að stöðin sé þannig innsigluð af póst- og símamálastjórninni, að ekki sé unnt að nota senditækin án þess að brjóta innsiglið (lokunarinnsiglung), en það má ekki gera nema í neyð. Póst- og símamálastjórnin getur þó veitt einstökum farþega- og flutningaskipum og eftirlits- og björgunarskipum undanþágu frá innsiglung.

Við stendur Íslands mega íslensk fiskiskip ekki heldur nota loftskeytastöðvar nema í neyð, enda séu þær undir lokunarinnsigli póst- og símamálastjórnarinnar. Hins vegar mega þau nota talstöðvar sínar, ef þær hafa verið leystar úr lokunarinnsiglung af póst- og símamálastjórninni, en verið innsiglaðar aftur þannig, að þær geta aðeins sent út frá sér á tveim tilteknum bylgjulengdum (bylgjulengdainnsiglung). Þó mega þau aðeins nota talstöðvarnar samkvæmt þeim reglum og takmörkunum, sem póst- og símamálastjórnin setur þar um.

Með innsiglung skal fylgja yfirlýsing (á ensku) þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og hvernig sendirinn hafi verið innsiglaður. Yfirlýsing þessi skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð af þeim, er innsiglaði. Sá, sem leysir stöð úr innsiglung, skal undirrita yfirlýsingu (á ensku) í dagbók skipsins, þar sem tekið skal fram, hvaða dag innsiglið hafi verið rofið, hvernig það hafi verið merkt, svo og ástæðuna fyrir því, að senditækin eru leyst úr innsiglung.

2. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna eða starfrækja radio-senditæki á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, eða á íslenskum skipum eða öðrum farartækjum, eða hafa í vörzlum sínum radio-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Enn fremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað, **13**
sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu, **10. jan.**
nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari fyrirmæli um notkun radio-sendi-
tækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, og má ákveða sektir við broti
gegn þeim fyrirmælum.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema
þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Enn fremur geta hlutaðeigendur átt á
hættu, að í skipi, sem brot hefur verið framið í, verði stöðinni tafarlaust lokað,
leyfisbréf og starfsskírteini afturkallað, og sé um alvarlegt eða ítrekað brot að
ræða, að skipinu verði synjað um leyfi til siglinga til Bretlands og samveldis-
landa þess.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgða-
reglugerð frá 30. september 1940 um notkun loftskýtastöðva og talstöðva í
íslenskum skipum, svo og bráðabirgðareglugerð frá 16. október 1940 um breytingu
á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 10. janúar 1941.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.

AUGLÝSING

14

13. jan.

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlikis skulu fyrst um sinn vera 4 alþjóðaeiningar af A-fjör-
efni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni, og er miðað við samþykkt nefndar Þjóðabanda-
lagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32
19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni
frá 22. september 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. janúar 1941

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.